

**NY ÚTGÁFA!** ALÞJÓDLEGT  
**VISA SÍMAKORT**  
Í NÆSTA  
BANKA EÐA  
SPARISJÓÐI  
VISA ISLAND

**SAMLÍF**  
Sameinaða líftryggingarfélagið hf.  
Sími 91-692500

## Lausn á deilu um spilakassa

SAMKOMULAG náðist í gærkvöldi í deilu Háskóla Íslands og fjögurra landssambanda um rekstur spilakassa. Samkomulagið náðist á fundi Guðjóns Magnússonar formanns Rauða kross Íslands og Þóris Einarssonar stjórnarmanns í Happraðtti Háskóla Íslands. Þórir vildi á miðnætti ekki greina frá efnisatriðum samkomulagsins og sagði að það yrði fyrst kynnt dómsmálaráðherra. Báðir aðilar hefðu verið ánægðir með samkomulagið.

Happraðttin SÍBS og DAS vilja aðild að viðræðum um rekstur spilakassa á borð við þá sem Háskólinn hyggst reka hérlendis undir nafninu Gullnámán.

Sigurður Ágúst Sigurðsson, framkvæmdastjóri DAS, kveðst telja eðlilegt að fá aðild að viðræðum milli HHÍ og samtakanna fjögurra sem hafa rekið spilakassa í sameiningu og þeir fái að reka peningahappraðtti og spilakassa á jafnréttisgrundvelli. Sigurður Ágúst segir að einkaleyfi HHÍ á peningahappraðtti standist eingöngu gagnvart flokkahappraðttunum SÍBS og DAS, því jafnvel erlendar þjóðir séu komnar inn á markaðinn og borgi vinninga út í peningum. „Það hlýtur hver maður að sjá að það er ekki lengur hægt að troða okkur um tær,“ segir Sigurður.

### Breyta þyrfti lögum

Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra segir að breyta þyrfti lögum til að veita happraðttum SÍBS og DAS leyfi til peningahappraðttis því þau hafi aðeins leyfi til vörughappraðttis, en nú liggja fyrir í ráðuneytinu umsóknir frá SÍBS og DAS um rekstur spilakassa af sama tagi og HHÍ hefur óskað eftir að setja upp. Ráðuneytið geti af þeim sökum ekki veitt slíkt leyfi. Þorsteinn sagðist í gærdeg ekki sjá ástæðu til að DAS og SÍBS fengju aðild að þeim viðræðum sem þá stóðu yfir vegna fyrrgreindra lagaforsendna.

Sjá bls. 23: „Neitar...“

Félagsmálaráðherra segir að laga þurfi skólakerfið að nýjum atvinnuháttum

## Huga þarf að lengra skólaári og styttra stúdentsnámi

FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA segir að huga verði að því hvernig Íslendingar geti lagað skólakerfið að breyttum atvinnuháttum þar sem skólanemar geti ekki lengur treyst á vinnu 3-4 mánuði á sumri. Alvarlega þurfi að huga að því að lengja skólaárið og stytta að sama skapi tímenn til stúdentsprófs.

Í ræðu við upphaf þings Verkamannasambands Íslands í gærkvöldi sagði Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra að menn verði að horfast í augu við þá staðreynd að aukinn hagvöxtur og framleiðsla, sem hugsanlega sé framundan í hinum vestræna heimi, skili sér ekki samsvarandi í aukinni atvinnu eða atvinnuöryggi launafólks. Það helgist af



Rodin til Íslands

Morgunblaðið/Borkell

TVEGGJA og hálf milljarðs króna verðmæti voru tekin upp úr kössum á Kjarvalsstöðum í gær. Hér virða Gunnar Kvaran forstöðumaður og Kristín Guðnadóttir safnvörður fyrir sér eina styttuna.

## Höggmyndir Rodins á Kjarvalsstöðum

YFIRLITSSÝNING á verkum franska myndhöggvarans Auguste Rodin verður opnuð á Kjarvalsstöðum næstkomandi laugardag, 23. október. Borgarstjórinn í Reykjavík, Markús Örn Antonsson, opnar sýninguna formlega klukkan 16.00. Aðspurður um verðmætin sem Kjarvalsstaðir hýsa nú, sagði Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, að verk Rodins væru tryggð fyrir tvo og hálfan milljarð íslenskra króna.

Rodin er talinn einn merkasti myndhöggvari allra tíma. Á sýningunni sem kemur frá Rodinsafninu í París, verða 62 höggmyndir og 23 ljósmyndir af listamanninum og umhverfi hans. Þar á meðal eru sýnd mörg heimspekt verk, líkt og Hliðið að Víti, Hugsuðurinn, Kossinn, Borgararnir frá Calais og Balzac. Viðstaddur opnunina verður Jacques Vilain, forstöðumaður Rodin-safnsins í París.

Að sögn Gunnars Kvaran er þetta einn stærsti listviðburðurinn á Kjarvalsstöðum fyrr og síðar. „Það má segja að Picasso-sýningin hér fyrir nokkrum árum hafi verið af svipaðri stærð,“ segir Gunnar, „en á móti kemur að hún var ekki yfirlitssýning.“

St. Jósefssystur standa ekki í vegi fyrir sameiningu Landakots og Borgarspítala

# Stefnt er að sameiningu spítalanna um áramótin

ST. JÓSEFSSYSTUR standa ekki lengur í vegi fyrir sameiningu Landakotsspítala og Borgarspítala og er nú stefnt að því að sameina spítalana um næstu áramót. Segja systurnar að ekki sé hægt að reka Landakot með óbreyttum hætti, eins og samningur um reksturinn kveður á um, með þeim fjárveitingum sem spítalanum eru ætlaðar.

Tilkynnt var á Landakoti í gær, að samkomulag hefði tekist milli systra St. Jósefsreglu og yfirstjórnar Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala um að gera nauðsynlegar breytingar á skipulagsskrá Sjálfseignarstofnunarinnar, svo hraða megi fyrirhugaðri sameiningu Landakotsspítala og Borgarspítala. Þannig geti sameiningin tekið gildi um næstu áramót ef samkomulag verður um það milli stjórna beggja spítalanna.

### Starfsfólk haldi vinnu

Á síðasta ári lýstu St. Jósefssystur yfir andstöðu við sameiningu spítalanna. „Í samningi okkar við Sjálfseignarstofnunina stendur að spítalinn verði áfram rekinn í sama formi og við höfum rekið hann. Því vildum við ekki breyta á síðasta ári. En nú hefur verið svo lítil fjárveiting til Landakots að ekki er hægt að halda áfram með sama hætti. Þess vegna hefur afstaða okkar breyst,“ sagði systir Emanuelle, talsmaður St. Jósefs-systra, við Morgunblaðið. Hún sagði að þremur deildum hefði verið lokað á spítalanum og starfsfólk þar ekki fengið áframhaldandi vinnu. „Við vonum að með þessu móti geti starfsfólk á Landakoti haldið vinnunni,“ sagði systir Emanuelle.

Undanfarna mánuði hafa viðræður farið fram milli samstarfsnefnda

stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar og yfirstjórnar Sjálfseignarstofnunarinnar um leið til að taka upp nána samvinnu Borgarspítala og Landakotsspítala og stefna að sameiningu þeirra í árslok 1996 þegar samningur systrana og Sjálfseignarstofnunarinnar rennur út.

„Við höfum látið St. Jósefssystur fylgjast mjög náið með viðræðunum og eftir skoðanaskipti sem urðu milli yfirstjórnar og systrana á fundi í lok ágústmánaðar um stefnumótun tóku systurnar fyrri afstöðu sína til endurmats,“ sagði Höskuldur Ólafsson formaður yfirstjórnar Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala við Morgunblaðið.

### Barnadeild flutt

Þann 20. ágúst var heilbrigðisráðherra send greinargerð um stöðu viðræðnanna og kom þar meðal annars fram að hagkvæmt væri að flytja barnadeild Landakots til Borgarspítala og öldrunarlækningar Borgarspítala til Landakots.

Höskuldur sagði, að þrátt fyrir lægri fjárveitingu stefndi í að legudagar á Landakoti yrðu um 40 þúsund á árinu á móti 43 þúsund í fyrra. „Okkur sýnist þó að reksturinn ætli að standast fjárveitingar á þessu ári,“ sagði Höskuldur.

tæknivæðingu og tækniframförum sem dragi úr þörf á mannafla.

### Nýr hugsunarháttur

„Við þurfum því að stórefla alla starfsmenntun í landinu og gefa gaum að nýjum og breyttum vinnuafsláðgerðum. Við þurfum líka að huga að því hvernig við getum stýtt vinnutímann án þess að launin skerðist samfara tæknivæðing-

unni. Við þurfum að huga að því hvernig við getum aðlagð okkar skólakerfi að breyttum atvinnuháttum, þar sem skólanemar hafa getað treyst á vinnu 3-4 mánuði á sumrin, en þar þurfum við að búa okkur undir breytingar. Ég held að við þurfum alvarlega að fara að huga að því að lengja skólaárið og þá að sama skapi stytta tímenn til stúdentsprófs. Allar þær breytingar sem við erum að sjá í efnahags- og atvinnuumhverfinu, ekki bara hér á landi heldur annars staðar, krefst nýs hugsunarháttar í efnahags- og atvinnulífi okkar,“ sagði Jóhanna.